

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
B/t Sigrún Ágústsdóttir

Þorlákshöfn, 18 júní, 2013


Varðar: Umsókn um stækkun á starfsleyfi Náttúru fiskiræktar ehf., kt. 421111-1380, að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn úr 200 tonnum í 1.200 tonn árlega.

Náttúra fiskirækt ehf., kt. 421111-1380, hefur 200 tonna rekstrarleyfi fyrir strandeldi á bleikju í fiskeldisstöð sinni að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn. Framleiðslugeta stöðvarinnar er töluvert meiri en núverandi starfsleyfi rúmar, og stefnir félagið að stækkun í samræmi við framleiðslugetu. Hér með er því óskað eftir að starfsleyfi stöðvarinnar verði stækkað úr 200 tonnum í 1.200 tonn árlega.

Skipulagsstofnun hefur erindi frá Náttúru fiskirækt til afgreiðslu þar sem óskað er eftir mati stofnunarinnar varðandi matsskyldu framkvæmda vegna fyrrgreindrar óskar um stækkun starfsleyfis, sbr. 13. tl. a í 2 viðauka við lög nr. 106 frá 2000 um mat á umhverfisáhrifum. Óskað er eftir að Umhverfisstofnun taki ósk félagsins um stækkun á starfsleyfi félagsins samhliða, enda gert ráð fyrir að niðurstaða Skipulagsstofnunar liggi fyrir áður en lokaafgreiðsla Umhverfisstofnunar fer fram.

1. Skipulag og staðhættir

Í dag er eldisrými stöðvarinnar u.þ.b. 6.500 m³, en uppunaleg hönnun frá 1986 miðar að því að endanlegt eldisrými verði um 12.000 m³ í samræmi við staðfest skipulag.



Varðandi reit I3 á meðfylgjandi mynd kemur fram í greinargerð með gildandi skipulagi:

		nama og nýtingu áttæðingarná		
I-3	Laxabraut	Feyging og fiskeldi. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins.	5,7	0,2-0,5
I-4		Stærðfræðingur á svæðinu 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum		

Framkvæmdin fellur að gildandi skipulagi Sveitafélagsins Ölfus. Meðfylgjandi myndir er teknar af heimasíðu sveitafélagsins (http://www.olfus.is/media/adalskipulag-olfuss-2010-2022/SA08F_thofn.pdf).

Ennfremur kemur fram í fundargerð Bæjarstjórnar frá 4. október 2012 er eftirfarandi bókun:

1208041 - Staðfesting á skipulagi við Laxabraut 5 frá 1986.

Eftirfarandi bókun lögð fram varðandi skipulag við Laxabraut 5 Þorlákshöfn:

"Bæjarstjórn Ölfuss samþykkir erindi frá Náttúra fiskirækt ehf. um að byggja upp fiskeldisstöðina að Laxabraut 5 enda liggur fyrir samþykkt um uppbyggingu strandeldisstöðvar á þessari lóð frá 1986. Búið var að byggja upp stöðina samkvæmt skipulagi frá 1986 hvað hús mannvirki og minni kerin varðar. Stóru kerin voru ekki komin niður en búið að gera undirstöður fyrir þau. Með erindinu er verið að óska eftir að setja niður stóru kerin sem þá eykur eldiskerjamagn um 9400 m³ í samræmi við samþykkt gögn frá 1986.

Erindið er samþykkt á grunni áður samþykkttra gagna. Umsögn Umhverfisstofnunar um aukið fráveituvatn frá eldistöðinni skal liggja fyrir og framkvæmdir við fráveitu vera í samræmi við þær leiðbeiningar. Um stækkun stöðvarinnar og frekari framkvæmdir skal farið yfir skilyrðum núgildandi laga og reglna þ.m.t. gildandi lögum og reglum um matsskyldu. Sveitarfélagið leggur ekki kalt vatn að stöðinni.

Uppbygging stöðvarinnar er því samþykkt í samræmi við samþykktar teikningar frá 1986 og uppfærðar teikningar frá Verkís dagsettar 23. febrúar 2012 þar sem búið er að bæta inn reit fyrir súrefnistank og reit fyrir fóðursíló".

Laxabraut 5 er staðsett suðvestan við byggðina í Þorlákshöfn. Lóðin liggur meðfram suðurströndinni og er hún flatlend og er yfirborð hennar sandur og hraun. Lítilsháttar gróður er á lóðinni sem er dæmigerður fyrir þetta svæði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki í námunda við né ógnar verndarsvæðum, sbr. 2. tl. 3. viðauka við reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

2. Hráefni og hjálparefni ásamt öðrum efnum og orku sem er notuð er við eldið

Í eldi félagsins er einvörðungu ræktuð bleikja af íslenskum stofnum frá Háskólanum að Hólum og frá Stofnfiski. Einungis er gefið fóður frá íslenskum framleiðendum með lífrænum litarefnum sem skilja

ekki eftir sig fótspor í náttúrunni. Fóður til stöðvarinnar er sérframleitt fyrir Náttúru fiskirækt af Fóðurböndunni hf. með litarefni Panaford AX. Einnig hefur verið notað ECO laxafóður frá Fóðurverskmiðjunni Laxá hf.

Við eldið er notað ferskvatn og jarðsjór úr borholum sem þegar eru til staðar að Laxabraut 5, en þar eru 3 borholur með fersku vatni og 9 borholur með jarðsjó. Gerðar hafa verið mælingar á vatni úr þeim borholum sem eru í notkun og er það fullkomlega hreint. Nútímataekni er beitt í hvívetna til að tryggja sem besta nýtingu vatns. Þannig er vatn úr kerjunum endurnýtt með svonefndum lofturum, og það súrefnisbætt og tekið úr því CO₂ í hvert sinn. Við eldið er notuð saltvatnsblanda, sem fengin er með blöndun á jarðsjó og ferskvatni. Að auki er dælt súrefni í kerin til að minnka vatnsnotkun. Súrefni er keypt af Ísaga.

Notað er rafmagn við dælingu á vatni og til annars rekstrar stöðvarinnar. Til að tryggja rekstur ef til rafmanglsleysis kemur er er notuð vararafstöð sem knúin er af olíu. Ekki eru notuð spilliefni eða lyf í eldi félagsins. Til þrifa eru einvörðungu notuð hreinsiefni sem eru viðurkennd við matvælaframleiðslu og brotna hratt niður. Öryggisblöð vegna þessara efna eru uppfærð og aðgengileg í starfssöð félagsins.

3. Uppruni, eðli og magn fyrirsjáanlegrar losunar til sjávar

Möguleg losun á úrgangsefnum frá eldi Náttúru fiskiræktar eru fyrst og fremst; a) losun á úrgangi frá eldisfiski, b) losun á fóðurleyfum, c) losun á dauðum fiski og d) frárennsli frá starfsmannaöstöu.

Aðal fráveita stöðvarinnar fer um steiptan stökk sem liggur til sjávar. Staðsetning eldisstöðvarinnar er mjög heppileg þar sem úrgangur dreifist hratt eftir að það berst til sjávar. Laxabraut 5 er vestan við byggðina í Þorlákshöfn. Úthafsaldan á óhindraðan aðgang að klettum þar sem affall stöðvarinnar er leitt til sjávar. Að auki eru sterkir straumar til vesturs með ströndinni auk mikilla grunnvatnsstrauma sem renna til sjávar við stöðina. Þetta veldur hraðri dreifingu á affalli frá stöðinni og þynningu á úrgangsefnum. Í meðfylgjandi niðurstöðum eftirlits Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 3. september 2012 vegna starfsleyfis stöðvarinnar segir;

„Fráveita er til sjávar um steiptan stökk og fellur þar fram í bergið án sjáanlegra mengunaráhrifa. Ekki hafa verið gerðar athugasemdir í eftirliti.“

Frárennsli frá starfsmannaöstöu er aðgreint frá fráveitu eldisins og leitt sérstaklega í rotþró.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram núverandi og áætluð losun mengunarefna til sjávar í samræmi við reglugerðir 401/2012 um fiskeldi og 798/1999 um fráveitur og skólp (ekki eru til sérstök viðmiðunarmörk fyrir losun til sjávar frá fiskeldi, en losunarmörk miðast hér við skólp frá skólphreinsistöðvum fyrir þéttbýli).

Reiknað er með að heildar vatnsnotkun eftri stækkun muni liggja á bilinu 800 – 900 lítrar á sekúndu.

Mæld og áætluð losun	Viðmiðunarmörk	Núverandi	Áætlað
Súrefnismettun %		80	70 - 85
Súrefnismettun mg/l		8	7 - 10
Súrefnisnotkun COD mg/l	< 125*	85	80 - 100
Heildarfosfór (P) mg/l	< 2*	0,2	0,15 - 0,4
Fosfór (P) kg/framl. tonn	<20	5 - 7	5 - 9
Heildar köfnunarefni (N) mg/l	< 15*	1,6	1,5 - 3
Set eða útfellingar	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Þekjur af rotverum	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Sorp eða aðskotahlutir	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Efnli sem valda óþægilegri lykt, lit eða gruggi	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Olíur, fitubræk	Má ekki vera	Sést ekki	Sjáist ekki
Svifagnir (TSS) mg/ml	Max 35*	7	6 - 9

4. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir myndun úrgangs ásamt mengunarvörnum

Gerðar hafa verið breytingar á eldiskerjum þannig að kerin eru nánast sjálfhreinsandi. Frárennsli frá botni hvers kers fer um svokallaðan „færeying“ eða „lift-up“ kerfi fyrir utan kerin. Frárennslið fer í sérstakan safnkassa þar sem allur úrgangur og dauðum fiskum er hleypt upp. Járngrindur eru bæði við úrrennsli úr eldiskeri og í safnkassa sem hindrar að fiskur berist í affall frá stöðinni. Hreinsað er jafn óðum úr safnkössum. Dauðum fisk komið til Fóðurverksmiðju Suðurlands þar sem allur fiskúrgangur er notaður til fódurframleiðslu. Dauður fiskur og fiskafurðir eru sóttar daglega, og eru geymdur í lokuðum plastkörum.

Við fódrun á eldisfiski í stöðinni er notað fullkomið sjálfvirkt fódrunarkerfi frá Vaka. Fódrun er skipulögð í samræmi við þarfir eldisfisksins og í samræmi við vaxtarferil hans. Notað er „lift up“ kerfi með yfirfalli frá eldiskerjum og sést vel hvort fódur berst frá þeim og er með því komið í veg fyrir yfirfódrun. Þannig næst hagkvæmari fódrun og hindrað er að umframfóður berist til sjávar. Markmið félagsins er að vera með fódurstuðul sem næst einum.

Áfylling olíu á tækjabúnað, annan en vararafstöð, fer ekki fram á starfssöð félagsins heldur á bensínstöðvum í Þorlákshöfn. Vararafstöð ásamt olíutanki er staðsett í Rafstöðvarhúsi með steinsteyptri plötu. Frágangur er á þann hátt að ef til olíuleka frá tanki eða vararafstöð kæmi berst olía ekki út í umhverfið, heldur er einangruð við Rafstöðvarhús þar sem unnt er að dæla henni upp.

Eldisstöð Náttúru fiskiræktar er algerlega endurnýjuð og er miðað við að notuð sé besta fánleg tækni (BAT) við rekstur og mengunarvarnir auk notkunar á vatni og orku. Vísað er til úttektar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, frá 3. september 2012 og 25. mars 2013 á starfsaðstöðu félagsins.

Allt miðar þetta að því að frárennsli frá stöðinni verði ekki nema u.þ.b. 20% að því er það ella hefði verið, eða að jafnaði 0,1 – 0,12 lítrar/mínútu fyrir hvert kg eldisfisks í stað 0,7 lítra/mínútu án slíks búnaðar. Sjá t.a.m skýrsluágríp Matís ohf, ISSN 1670-7192, „Betri nýting vatns í bleikjueldi“.

5. Eftirlit með losun úrgangsefna út í umhverfið

Náttúra fiskirækt lætur mæla vatnsnotkun og efnagreina frárennsli eldisstöðvar reglulega og fylgist þannig með losun út í umhverfið. Gildi eru borin saman við viðmiðunarmörk. Mælingar fara fram minnst einusinni á ári. Niðurstöður mælinga eru vistaðar og aðgengilegar í eldisstöð. Daglega er fylgst með hvort fôðurleifar berist frá eldiskerjum og fôðrun minnkuð ef um umframfôðrun er að ræða.

6. Aðrar ráðstafnir

Eldisker eru þannig hönnuð að spendýr hafa ekki aðgang að þeim. Net eru til varnar fugli. Ekki hefur orðið vart meindýra við útrás stöðvarinnar enda kemst ekki fæði fyrir meindýr um útrás til sjávar. Fylgst er reglulega með hvort meindýra verði vart í eldisstöð eða við útfall stöðvarinnar.

Félagið notar framleiðslustýringarkerfið FarmControl frá Wise (áður Maritech) þar eru skráðar allar upplýsingar um framleiðsluna. Þar er haldið utanum allan fisk frá því að seiði koma í stöðina og til slátrunar. Haldið er daglega utanum framleiðslumagn, afföll, fôðurnotkun, nýtingu, fôðurgerð, staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað auk umhverfisþátta svo sem súrefnismagns, hitastigs og magns koltvísýrings. Þar yrði einnig skráð notkun lyfja ef til þess kæmi í stöðinni, en þau eru ekki notuð við eldi félagsins.

Skráðar eru sérstaklega kvartanir vegna eldisins, bilanir og óhöpp, allur úrgangur sem til verður í eldinu og niðurstöður mælinga í tengslum við gæðakerfi félagsins. Teikningar af frárennsli ásamt upplýsingum um þjálfun og reynslu starfsfólks er til staðar í eldisstöðinni.

Félagið hefur gert áhættumat og gripið til viðeignadi öryggisráðstafana varðandi rekstur eldisstöðvarinnar í samræmi við kröfur Vinnueftirlits ríkisins. Gert hefur verið áhættumat og viðbragðsáætlanir vegna mögulegrar hættu á bráðamengun. Ennfremur hefur verið gerð neyðaráætlun ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kæmi auk vöktunaráætlunar um helstu umhverfisþætti. Félagið hefur tekið frjálsa ábyrgðatryggingu hjá tryggingafélagi sínu vegna mögulegrar mengunar hafs og stranda þar sem ábyrgð tryggingafélagsins takmarkast við 1 milljón SDR vegna einstaks tjónsatburðar.

7. Samantekt.

Náttúra fiskirækt starfrækir strandeldisstöð með bleikju og hefur 200 tonna rekstrarleyfi. Framleiðslugeta stöðvarinnar er töluvert meiri en núverandi starfsleyfi rúmar, og stefnir félagið að stækkun í samræmi við framleiðslugetu og gildandi skipulag. Óskað eftir að starfsleyfi stöðvarinnar verði stækkað úr 200 tonnum í 1.200 tonn árlega.

Um er að ræða lokað kerfi þar sem tekið er á móti bólusettingum seiðum í eldisker stöðvarinnar. Aflað er vatns til eldisins úr borholum á lóð félagsins. Fôður er keypt frá Fôðurlöndunni og súrefni sem dælt er í eldisker er keypt frá AGA. Önnur efni eru ekki notuð við eldið.

Fráveita stöðvarinnar fer um steiptan stökk sem liggur til sjávar. Staðsetning eldisstöðvarinnar er mjög heppileg þar sem úrgangur frá fiski dreifist hratt eftir að það berst til sjávar. Notuð eru bestu

fáanleg kerfi til að stýra fæðrun, sýrefnis-, vatns- og orkunotkun, og telur félagið sig beita bestu fáanlegri tækni við rekstur eldisstöðvarinnar.

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúru fiskiræktar ehf.
Sturla Geirsson, Framkvæmdastjóri

Viðaukar:

1. Afstöðumynd af eldisstöð
2. Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar
3. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar